

## Reglur um þátttöku Seltjarnarnesbæjar í kostnaði aldraðra við sjúkraþjálfun.

Seltjarnarnesbær endurgreiðir ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri, kostnaðarhlutdeild þeirra í sjúkraþjálfun.

Endurgreidd eru allt að 10 skipti á ári og er miðað við almanaksárið.

Endurgreiddar eru 1.230.- kr. fyrir hvert skipti og miðast þar við greiðslur sjúkratryggðra fyrir sjúkraþjálfun frá Sjúkratryggingum Íslands. Endurgreiðslur geta þó aldrei numið hærri fjárhæð en hlutdeild notanda er eins og hún kemur fram á framvísuðum reikningi.

Endurgreiðslur fara þannig fram að viðkomandi ellilífeyrisþegi greiðir sinn hlut sjálfur hjá viðkomandi sjúkraþjálfara en framvísar síðan greiddum reikningi á Bæjarskrifstofum Seltjarnarness, Austurströnd 2 og fyllir þar út beiðni um endurgreiðslu. Greiðsla eru lögð inn á reikning viðkomandi innan þriggja vikna.

Eingöngu er endurgreitt vegna meðferðar hjá löggiltum sjúkraþjálfurum.

Reglur þessar tóku gildi 1. janúar 2010, uppfærðar 1. janúar 2014

### Greiðslubeiðni.

Undirritaður óskar eftir að fá endurgreiddan útlagðan kostnað vegna sjúkraþjálfunar skv. reikningi sem fylgir með greiðslubeiðni þessari.

Endurgreiðslan óskast lögð inn á eftirfarandi reikning:

Banki: \_\_\_\_\_ Höfuðbók: \_\_\_\_\_ Reikningsnúmer: \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
Undirskrift / Nafn

\_\_\_\_\_  
Kennitala

\_\_\_\_\_  
Heimilisfang

---

Reglugerð um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við þjálfun Gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands